



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Haustönn 2023

**SKRG1SG02**

(Skrúðgarðar)

Kennari:	Ágústa Erlingsdóttir
----------	----------------------

### Áfangalýsing:

Fjallað verður um skipulag einkagarðsins, farið í uppsetningu garðsins, aðkomugarð, dvalarsvæði, nytjasvæði og leiksvæði. Fjallað um helstu einkenni trjáa og runna s.s. lögun, vaxtarrými, liti, aldur og blaðverk. Notkun plöntulista og verklýsinga fyrir plöntun. Stutt kynning á hellulögnum, hleðslum, tröppum, skjólgirðingum og vatnstjörnum.

### Undanfari: Almennar forkröfur garðyrkjunáms

#### **Þekkingarviðmið** - Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Helstu atriðum í skipulagi og uppsetningu einkagarðsins, svo sem aðkomugarði, dvalarsvæði, nytjasvæði og leiksvæði.
- Helstu einkennum trjáa og runna sem skipta máli við hönnun og skipulag garða, svo sem lögun, vaxtarrými, litum, aldri og blaðverki.
- Plöntulistum og verklýsingum fyrir útplöntun.
- Grunnatriðum varðandi hellulagnir, hleðslur, tröppur, skjólgirðingar og vatnstjarnir.

#### **Leikniviðmið** - Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Skoða einkagarða og greina helstu atriði í skipulagi hans.
- Nota mismunandi einkenni trjáa og runna til að skipuleggja plöntuval í einkagarði.
- Setja upp plöntulista og verklýsingar fyrir útplöntun í einkagarð.
- Gera einfalt skipulag fyrir einkagarð með grænum og gráum svæðum.

#### **Hæfniviðmið** - Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Gera sér grein fyrir þeim þáttum sem þarf að hafa til hliðsjónar við skipulag og uppsetningu einkagarðs, metið með kynningu.
- Sýni skilning á því hvernig trjágróður er notaður á markvissan hátt við uppbyggingu og skipulag garðs, metið með rökstuðningi og kynningu.
- Tengja plöntulista og verklýsingar við raunveruleikann í uppbyggingu einkagarðs, metið með verklagi og samviskusemi.
- Sýna skilning á notkunarmöguleikum hellulagna, hleðslna, trappa, skjólgirðinga og vatnstjarna í einkagörðum, kostum og göllum þessara mannvirkja, metið með rökstuðningi og kynningu.

**Námsefni:**

Skrúðgarðar – kennsluhefti. Samantekt eftir Ágústu Erlingsdóttur

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

Vika	Dags.	Námsefni og viðfangsefni	Kennari
5	28. sept	Kynning á áfanganum og verkefnum hans. Byrjað á verkefni 2 – Draumagarðurinn, með því að safna efni úr blöðum og fleira. Innsetning í verkefni 1 – Lögum og litir. Skoðuð miðsmunandi svæði garðsins s.s. aðkoma, dvalarsvæði og fleira. Teikningar skoðaðar til að átta sig á heildarskipulagi garða og mismunandi gerðum teikninga.	ÁE
6	6. okt	Helstu verkþættir í gerð og umsjón skróðgarða	ÁE
8	20. okt	Kynning á plöntuteikningum og plöntulistum. Einnig fjallað um verklýsingar. Skil á verkefni 1. Byrjað að vinna að skipulagi á litlum garði með því að rissa upp hugmyndir.	ÁE
11	10. nóv	Teikning á litlum garði unnin og kláruð. Ljósritað og litað á bókasafni fyrir skil.	ÁE

**Sérreglur áfangans:**

Áfanginn er verkefnabyggður

**Námsmat:**

<b>Lýsing á námsmati</b>	<b>Vægi</b>
Verkefni 1 – Lögun og litir	20%
Verkefni 2 - Draumagarðurinn	20%
Verkefni 3 – Skipulag á litlum garði með plöntuteikningum	60%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

Reykir, 25. ágúst